Stjórnarfundur 12.jan 2022

Fyrsti fundur ársins

Fundur settur 20.41
Mætt: Jóna, Ólafur, Sonja og Sunna

SAMMOS
Bólið ætlar að halda mánaðarlega fundi

- Þurfum að muna næst að deila viðburðinum með árgangafulltrúum

SAMMOS eiga fund 25.jan. (staðfesta dagsetn?) með Bólinu
til að ræða hvort SAMMOS geti komið eitthvað að
Verður líka rætt að byrja til “Mosó’s got talent” (svipað og Skrekk) eða hafa samband við Skrekk og ath hvort Mosó geti verið með í Skrekk
Ætla að nefna að þau ættu búa til “event” fyrir mánaðarfundina til að fólk muni eftir þessu

Fyrirlestur með Heimili og skóla

- Fresta fyrirlestri fram á haust og byrja þá nýtt skólaár með krafti (síðustu vikuna í ágúst) - með von um að hafa þetta á staðnum

Ræða á næsta fundi með Rósu að tala um við kennarana að þeir kynni fyrir og ýti við foreldrum að bjóða sig fram í árgangafulltrúa og þess háttar.
Erfitt að fá fólk í nefndir - erfiðara þegar fólk er ekki að mæta á staðinn.

250 daga skólakerfi: heit umræða í SAMMOS.
Rætt að það sé lítil kennsla á þessum aukadögum, og börn frekar sett í frístundastarf.
Vilja ræða á fundi með fræðslunefnd SAMMOS: Hver er stefna Mosfellsbæjar? Eru fleiri skólar að fara í þetta? Hvernig skal nálgast þetta gagnvart kennurum

Elín búin að tala við nokkra leikskóla varðandi að stofna SAM-LEIK (sambærilegt SAMMOS fyrir leikskóla). Leikskólarnir voru jákvæðir

Eftir skipulagsdag: foreldrar í bænum fengu almennt ekki neinar upplýsingar um Covid plön (eins og virðist hafa verið vaninn í öðrum bæjarfélögum) - en þetta var fyrirframgreindur skipulagsdagur á dagatali hjá okkur, svo kannski var verið að vinna í öðru (líka).
Þyrftum að nefna við Rósu að foreldrar vilja fá upplýsingar varðandi svona atriði: að við fáum að vita hvernig skólinn er að bregðast við t.d. hertum reglum v. Covid.

Líka rætt hvort ýtarlegar upplýsingar sem skólinn er að biðja um, að beiðni frá fræðsluskrifstofu, séu í bága við persónverndarlög. Gunnar sendi póst á fræðsluskrifstofu. Bíðum eftir að heyra hvað þau segja.

Hvað eru hin foreldrafélögin að gera?
Kvíslarskóli - eru að fókusa á eldri hópana sem eru “einangraðir” inni og eru að fjármagna foosball borð og þess háttar.

Hvað gætum við gert í vor?
Ættum við að græja páskabingó aftur? eða gera eitthvað annað páskatengt - t.d. ratleik
Ef það léttir á fjöldatakmörkunum í vor væri gaman ef leikskóladeildin gæti verið með sveitaferð

Árgangafulltrúar
Væri sniðugt að ýta við þeim að gera eitthvað sniðugt fljótlega með sínum hóp
Í einhverjum árgöngum er verið að búa til vinahópa og um að gera að árgangafulltrúar minni foreldra á að byrja það prógram og finna leiðir til að hittast þrátt fyrir covid - t.d. með því að
Ættum við foreldrafélagið að hitta á árgangafulltrúana?
Þurfum að koma listanum yfir Facebook hópana inn á heimasíðuna

Lea, getur þú tekið saman lista yfir grúppurnar og sent á skólann?
Eins sett inn í árgangafulltrúa grúppuna og hvetja þau til að gera eitthvað með sínum hópum.
Svo þarf að skipuleggja fund með foreldrafélaginu og árgangafulltrúum.

Guðlaug sendi mail á 4. bekkjar stráka-foreldrana að
Alveg pæling að þetta verði áfram innleitt inn í hina bekkina - ættum að ræða við Rósu um það

Væri gaman að hafa fyrirlestur í feb. Hvað viljum við vera með fyrst?
Svefnfyrirlestur frá Betri svefn myndi kosta 90.000 kr
Mikið af fræðslu um svefn núna - eigum við að gera eitthvað öðruvísi? Hugmyndir?
Einhver sem getur komið með fyrirlestur um “activities” með krökkunum í Covid - eða fyrirlestur f. foreldra um hvernig þau geta nært sig sjálf í Covid.
Eitthvað skemmtilegt!

Hugmynd: Plokkdagur í vor - átak sem fjölskyldurnar gætu tekið þátt í saman og Mosó með (Sunna getur séð um) og svo væri endað í grilli fyrir utan skólann.

Skipuleggjum fund með Rósu. Ólafur tjékkar á henni varðandi tímasetningu.

Greiðsluseðlar - febrúar

Næsti fundur í feb. Getum haft árgangafulltrúana sama kvöld, fyrir eða eftir fund.
Fundi slitið 21.55